



# SAMTÖK LANDFLUTNINGAMANNA

FELLSMÚLA 26 - 108 REYKJAVÍK - SÍMI 91-685575 - FAX - 91-685585 - KT. 430692 - 2679

*Alþingi*

**Stjórn Samtaka Landflutningamanna.**

*Erindi nr. Þ 117 / 345*

*komudagur 11 / 12 1993*

**Stjórnin mótmælir hardlega fram komnum hugmyndum stjórnvalda um stórhækkun á bifreiðagjöldum.**

**Sífelldar hækkanir á skattlagningu bifreiða er ósanngjarnar, tilefnislausar og leiða til óhagkvæmni.**

**Stjórnvöld hafa undanfarin ár hækkad bifreiðagjöld og pungaskatt margfalt umfram verðlagsbreytingar, þessi atvinnurekstur hefur því orðið fyrir sífellt hækkandi skattlagningu.**

**Á sama tíma hefur orðið samdráttur og sífellt hardnandi samkeppni í rekstri bifreiða í atvinnuskini. Þessi atvinnugrein þolir ekki sífelldar hækkanir.**

**Því hefur heyrst fleygt í umræðunni að áhrif þessara hækkana verði minni vegna niðurfellingar slysatryggingarökumanna. Þá gleymist að það gjald á að greiðast eftir sem áður, aðeins nú til tryggingafélaganna sem hafa tekið þennan þátt að sér.**

**Sem stefnumörkun stjórnvalda er þessi ráðstöfun einnig óskiljanleg, er það virkilega vilji stjórnvalda að grafa sérstaklega undan flutningum fólks og vöru á landi, eða hækka þá þjónustu sérstaklega.**

**Er það e.t.v. trú stjórnvalda að fólk utan Reykjavíkur svæðisins sé færara um að taka á sig aukinn kostnað við aðföng sín ?  
Við fullyrðum að svo er ekki.**

**Fyrir hönd þeirra sem veita þjónustu með rekstri bifreiða og eins hinna sem njóta þjónustunnar ítrekum við mótmæli okkar gegn stórhækkunum bifreiðagjöldum.**

**Samþykkt á stjórnarfundi 16.11 '93**

Í samtökum Landflutningamanna eru eftirtalin félög:

Félag Vinnuvélaeigenda  
Bandalag íslenskra Leigubifreiðastjóra (BÍLS)  
Félag Hópfurðaleyfishafa  
Félag Sérleyfishafa  
Landsamband vörubifreiðastjóra  
Landvari landsfélag vörubifreiðaeigenda á flutningaleidum  
Trausti félag sendibifreiðastjóra  
Ökukennarafélag Íslands

Þ.e. öll félög og hagsmunasamtök þeirra sem gera út bifreiðar í atvinnuskini.